

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 22. maí 2026

Mál nr. E-89/2025:

**Harpa Birgisdóttir, Birgir Þór Haraldsson og Jón Gíslason**

(Ólafur Björnsson lögmaður)

**gegn**

**Agli Herbertssyni**

(Júli Ósk Antonsdóttir lögmaður)

**og**

**Húnabyggð til réttargæslu**

(Ásgeir Þór Arnason lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað 31. október og 5. nóvember 2025. Það var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 24. apríl 2026.
- Stefnendur eru Harpa Birgisdóttir og Birgir Þór Haraldsson, bæði til heimilis [...], og Jón Gíslason, [...]. Stefndi er Egill Herbertsson, [...]. Sveitarfélaginu Húnabyggð, [...], er stefnt til réttargæslu.
- Stefnendur krefjast þess að viðurkenndur verði fullur og óhindraður umferðarréttur þeirra, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum, um svokallaðan Haukagilsheiðarveg sem liggur um land jarðarinnar Haukagils, landnúmer 144673, Húnabyggð, og upp á Haukagilsheiði og að eyðijörðinni Gilhaga, landnúmer 144666, Húnabyggð. Þá krefjast stefnendur greiðslu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda. Þá krefst stefndi málskostnaðar óskipt (*in solidum*) úr hendi stefnenda.
- Réttargæslustefndi tekur undir kröfur stefnenda.
- Gengið var á vettvang við upphaf aðalmeðferðar málsins.

## **Helstu málsatvik**

### *Meginatriði úgreinings aðila*

7. Deilt er um hvort stefnendur eigi umferðarrétt um veg sem liggur um land jarðarinnar Haukagils í Vatnsdal sem er í eigu stefnda. Vegurinn liggur að eyðijörðinni Gilhaga, sem er í eigu stefnenda, og jafnframt inn á Fremstasel og Haukagilsheiði, sem stefnendur hafa ásamt fleirum afréttarnot af.
8. Stefndi lokaði veginum snemmsumars 2025 með því að koma þar fyrir grjóti, við þann enda vegarins sem er í grennd við bæjarstæði Haukagils. Vegurinn var opnaður á ný eftir aðkomu sveitarfélagsins. Síðsumars lokaði stefndi veginum á ný, fyrst með því að leggja gröfu á veginn og svo með því að læsa þar hliði. Aðila greinir á um heimildir stefnda til að loka veginum.

### *Upplýsingar um sögu Gilhaga og veg þangað*

9. Í úrskurði óbyggðanefndar frá 17. október 2024 í máli nr. 2/2023 eru raktar heimildir um Gilhaga. Þar segir að Gilhagi hafi verið byggður út úr Haukagili árið 1847 en þá sé hans fyrst getið í sóknarmannatali Grímstungusóknar. Í fasteignamatinu 1916–1918 komi fram að eigendur Gilhaga séu þeir sömu og eigendur Haukagils. Hinn 11. maí 1929 hafi Konráð Jónsson selt þeim Guðjóni Hallgrímssyni á Hvammi og Ágústi B. Jónssyni á Hofi Gilhaga. Kaupsamningurinn hafi verið lesinn upp á manntalsþingi að Hofi 17. júní 1929. Enn fremur er greint frá því að með kaupsamningi 24. júní 1958 hafi eigendur Gilhaga selt upprekstrarfélagi allt land jarðarinnar sunnan Sellækjar (stóra). Efni samningsins er rakið, þar sem m.a. er getið um girðingar og viðhaldsskyldur vegna þeirra.
10. Í örnefnaskrá fyrir Haukagil, sem Konráð Eggertsson og Haukur Eggertsson skráðu árið 1988, segir að Haukagil sé næstinnsta býlið í Vatnsdal vestanverðum, að frátöldum Gilhaga sem hafi verið heiðarbýli efst á vesturbarmi Álkugils. Undir það hafi legið öll Haukagilsheiðin, hálfar Lambatungur og hálfar Kornsártungur. Gilhagi hafi einnig verið hluti af Haukagili, en byggst löngu síðar. Upphaflega muni hann hafa verið sel frá Haukagili en hafi svo verið gerður að lögbýli og verið búið þar um langt skeið. Hann hafi lagst í eyði árið 1931. Um vegi segir m.a. í örnefnaskránni að á árunum fram til 1930 hafi ekki verið bílfært að Haukagili. Aðalvegurinn inn dalinn hafi verið að vestanverðu frá Sveinstöðum fram á Ásbrekku í Áslandi. Hann hafi átt að heita bílfær að sumrinu eftir 1924. Vegur fram á heiðar og suður í Borgarfjörð hafi legið frá Haukagili suður og upp Miðdegismelinn, fram á Brúnir og svo áfram eftir barmi Álkugils framhjá Gilhaga og Fremstaseli, suður á Skúteyrar sem séu austan við Álku, nyrst á Grímstunguheiðinni,

áður en hún falli í gilið. Einnig hafi verið farið Grímstungumegin og vegirnir komið saman á Skúteyrunum. Þetta hafi að mestu verið troðnar reiðgötur. Nú sé leiðin Haukagilsmegin orðin fær bílum að sumrinu fram að Fremstaseli, sem sé nokkuð fyrir sunnan Gilhaga.

#### *Upplýsingar um sýsluveg í Landshagsskýrslum fyrir Ísland*

11. Í *Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1912* er m.a. að finna skýrslu um sýsluvegi á Íslandi 1913 eftir upplýsingum frá sýslunefndum. Þar segir, í umfjöllun um Áshrepp, að sýsluvegurinn liggja frá Gilhaga ofan með Álftaskálgargili norðanverðu að svonefndum Stekkjarlæk, þá út og ofan hálsinn að bænum Haukagili. Þaðan liggja svo vegurinn út Vatnsdal, fram með hálsinum, vestan Vatnsdalsár.

#### *Hreppsþætur Áshrepps*

12. Landsvæðið sem vegurinn liggur um tilheyrði áður Áshreppi, síðar Húnavatnshreppi og nú Húnabyggð. Í hreppsþætu Áshrepps kemur fram að 30. júní 1958 hafi verið ákveðið að leggja fram úr fjallskilasjóði, til vegagerðar „upp í Gilhaga að vestan og fram Hálsa“, allt að 2.000 krónur. Í kvittun frá árinu 1958 (dagsetning ógreinileg) kemur fram að Grímur Gíslason oddviti hafi þá fyrir hönd Áshrepps greitt 2.000 krónur vegna vegagerðar að Gilhaga, þ.e. hluta Áshrepps, eftir samþykkt hreppsnefndar. Undir kvittunina skrifaði Gísli Pálsson, faðir stefnandans Jóns Gíslasonar.
13. Bókað er í hreppsþætu 20. mars 1967 að samþykkt hafi verið að athuga sérstaklega umbætur á Gilhagavegi m.t.t. þess að hann sé sýsluvegur en ekki á framkvæmdaáætlun yfirstandandi áætlunartímabils. Bókað er að á fundi hreppsnefndarinnar 27. apríl 1968 hafi verið samþykkt að fela oddvita að skrifa sýslunefnd bréf út af framlagi til Gilhagavegar, en á honum hvíli nú tæpar 70.000 krónur í skuld.
14. Í hreppsþætu Áshrepps er bókað að 18. júní 1973 hafi oddviti lesið upp og lagt fram útdrátt úr fundargerð hreppsnefndarfundar Sveinsstaðahrepps, þar sem samþykkt hafi verið að gera bílfæran veg upp að Gilhaga. Jafnframt kemur fram að oddviti hafi getið þess að hann hefði borið það fram við vegavinnuverkstjóra að hann léti athuga hvað myndi kosta að gera veg fram á Fremstasel, frá Haukagili. Bókað er að allmiklar umræður hafi orðið um þetta mál og afréttarmálefni yfirleitt og að samþykkt hafi verið samhljóða tillaga um að hreppsnefndin skoraði á landnýtingar- og landgræðslunefnd að útvega allríflega fjárupphæð til fjallvega í Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa, til þess að auðvelda upprekstur og nýtingu framhluta afréttanna.

15. Í hreppsbókinni kemur fram að 21. apríl 1974 hafi á almennum sveitarfundi verið samþykkt samhljóða að skora á stjórn upprekstrarfélagsins að láta á því ári lagfæra svo veginn frá Haukagili fram og upp að heiðargirðingunni að hættulaust geti talist að fara hann á jeppum og dráttarvélum án þess að stórskemma tækin.
16. Bókað er í tengslum við fund 29. ágúst 1978 að fyrir hafi legið fjárveiting úr fjallvegasjóði í Haukagilsheiðarveg, að fjárhæð 558.000 krónur. Komið hafi til tals að gera nokkuð greiðfæran veg upp Haukagilsbrekkur. Fundarmenn hafi samþykkt að veita á því ári 500.000 krónum í þessa framkvæmd gegn jafnháu framlagi úr Sveinsstaðahreppi. Á fundi 6. júlí 1982 kom fram að væntanleg væri 50.000 króna fjárveiting í veginn upp á Haukagilsheiði, sem unnið yrði fyrir á því sumri. Í fundargerð vegna fundar 7. júlí 1991 er bókað að fram hafi komið að 250.000 krónur fái frá fjallvegasjóði vegna tiltekinnna vega, þar á meðal á Haukagilsheiði.
17. Bókað er í fundargerð vegna fundar 20. ágúst 2000 að lagt hafi verið fram bréf frá Vegagerðinni varðandi úthlutun fjár til styrkvega. Áshreppi hafi verið úthlutað 800.000 krónum til veghalds vegna vega um Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Vaglaveg og veg að Undirfellsrétt. Þá er bókað í fundargerð vegna fundar 3. maí 2001 að oddviti hafi sótt til Vegagerðarinnar um styrki til endurbóta og viðhalds á vegum í Áshreppi, þ.e. vegum um Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, Vaglavegi og Undirfellsréttarvegi. Bókað er í fundargerð vegna fundar 15. ágúst 2001 að borist hafi svar við umsókn upprekstrarfélagsins um úthlutun fjár til styrkvega það ár. Úthlutað hafi verið 1.000.000 króna til veghalds fjallvega í Áshreppi. Í fundargerð vegna fundar 19. ágúst 2002 er bókað um bréf frá Vegagerðinni, dags. 10. júlí 2002, þar sem Áshreppi sé úthlutað 1.500.000 krónum til veghalds fjallvega í hreppnum. Í fundargerð vegna fundar 8. ágúst 2003 er bókað að Áshreppi hafi borist bréf frá Vegagerðinni þar sem frem komi að hreppnum hafi verið úthlutað 1.200.000 krónum til viðhalds á fjallvegum í Áshreppi. Í fundargerð vegna fundar hreppsnefndar Áshrepps 12. ágúst 2005 er bókað um svarbréf frá Vegagerðinni, dags. 30. júní 2005, þar sem fram komi að Áshreppi hafi verið úthlutað 1.000.000 króna til styrkvega í hreppnum. Samþykkt hafi verið að laga vegi upp hjá Haukagili og Grímstungu.

#### *Hreppsbækur Sveinsstaðahrepps*

18. Einnig er fjallað um veg á því svæði sem um ræðir í hreppsbókum Sveinsstaðahrepps, sem var á sínum tíma sveitarfélag í utanverðum Vatnsdal. Þar kemur fram að 6. apríl 1972 hafi almennur sveitarfundur samþykkt að skora á sveitarstjórn að hún, í samráði

við sveitarstjórn Áshrepps, léti fara fram athugun á vegagerð að heiðargirðingu vestan Álku sem fær yrði flutningabílum. Fundurinn fól hreppsnefndinni að vinna að gerð þessa vegar ef tilhlýðilegt þætti kostnaðar vegna.

19. Á fundi 9. apríl 1973 var borin upp og samþykkt tillaga um að vinna að því að hafinn yrði undirbúningur og framkvæmd vegagerðar upp hjá Haukagili að Gilhaga á því ári. Oddvita var falið að hefja framkvæmd þessa í samvinnu við oddvita Áshrepps.
20. Í fundargerð vegna fundar 23. ágúst 1977 er bókað að oddviti hafi lesið upp og skýrt bréf frá landgræðslustjóra varðandi fjárstyrk til afréttavegagerðar á Haukagilsheiði. Umsóknin hafi verið tekin fyrir í landbúnaðarráðuneytinu og þar samþykkt að óska eftir fundi oddvita Ás- og Sveinsstaðahreppa með landgræðslustjóra, ráðuneytisstjóra og formanni samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun. Oddviti hafi skýrt frá því að þeir oddvitar hefðu hug á að fá héraðsráðunaut og vegaverkstjóra til að gera áætlun varðandi fjármagn til þessarar vegagerðar.
21. Á fundi hreppsnefndar 23. ágúst 1979 gat oddviti þess að komið væri framlag úr fjallvegaskjóði, 500.000 krónur, í svokallaðan Gilhagaveg. Í fundargerð er greint frá tilboði búnaðarsambands Austur-Húnavetninga vegna vegagerðarinnar og að samþykkt hafi verið að ganga að boðinu og verja allt að 500.000 krónum í hana á árinu.
22. Rætt var um Haukagilsheiðarveg á fundi hreppsnefndar 9. júní 1980. Samþykkt var að leggja fram a.m.k. 800.000 krónur úr sveitarsjóði í áframhaldandi vegagerð við Haukagilsheiðarveg. Á almennum sveitarfundi 21. sama mánaðar ræddi oddviti fjárveitingar í afréttavegi. Í fundargerð er bókað að á liðnu ári hafi verið byrjað á vegi upp Haukagilsheiði, en ekki lagt í þann veg úr fjallskilasjóði enn sem komið væri. Ákveðið hafi verið framhald á þessari vegagerð um sumarið. Fjallvegaskjóður hafi ákveðið að leggja fram 1.000.000 króna til þessara vega. Hreppsnefndin hafi ákveðið að leggja fram nokkra upphæð úr sveitarsjóði til þessa vegar.
23. Á fundi 30. apríl 1981 opnaði oddviti umræður um vegamál og sagði frá vegagerð upp brekkurnar fyrir ofan Haukagil. Hann greindi frá því að Sveinsstaðahreppur hefði lagt fram 800.000 krónur í þann veg en Áshreppur 300.000 krónur. Auk þessa hafi komið fé í framkvæmdina úr fjallskilasjóði.
24. Í fundargerð vegna fundar hreppsnefndar 14. júní 1982 er bókað að oddviti hafi minnst á framlag til Haukagilsheiðarvegar á því sumri. Óupplýst hafi verið hve mikið framlag kæmi nú frá opinberum aðilum. Eftir nokkrar umræður hafi verið samþykkt samhljóða

að leggja fram úr sveitarsjóði 15.000 krónur til áframhaldandi vegagerðar á nefndum vegi. Hreppsnefndin voni að Áshreppur leggi fram framlag á móti til þessarar vegagerðar.

25. Á fundi 9. nóvember 1982 skýrði oddviti frá fjárframlagi er hefði borist í Haukagilsheiðarveg úr afréttavegasjóði í landbúnaðarráðuneytinu. Peningarnir, 30.000 krónur, hefðu að vísu borist of seint til að hægt væri að vinna fyrir þá það ár. Þeir hefðu því verið lagðir inn á bankareikning. Fjárframlag þetta hefði verið afhent án kvaða.

#### *Skýrslur um framkvæmd vegáætlana*

26. Í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1979 kemur fram að 600.000 krónum hafi verið varið í veginn um Haukagilsheiði, sem þar er tilgreindur meðal fjallvega. Í samsvarandi skýrslu vegna ársins 1985 kemur fram að 65.000 krónum hafi verið varið til umrædds vegar, sem þar er einnig flokkaður sem fjallvegur.

#### *Aðalskipulag Húnavatnshrepps*

27. Í greinargerð með aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010–2022 er í kafla sem ber yfirskriftina *Samgöngur og veitur* m.a. getið um vegi, gönguleiðir og reiðleiðir. Í undirkafla um reiðleiðir er þess getið að lega reiðleiða sé einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti þar sem ekki sé um eiginlega mannvirkjagerð að ræða. Þá eru birt drög að reiðleiðalýsingu sem sögð eru vera frá reiðveganefnd hestamannafélagsins Neista. Þar er m.a. getið um leið milli Haukagils og Arnarvatns. Riðinn sé vegslóði upp frá Haukagili að Fremstaseli, áfram um Haukagilsheiði, Víðidalstungu- og Arnarvatnsheiði að Arnarvatni. Leiðin er einnig sýnd á upprætti með aðalskipulaginu.

#### *Athafnir réttargæslustefnda, Húnabyggðar*

28. Tölvupóstur var sendur fyrir hönd fjallskilastjórnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar til sveitarstjóra, sveitarstjórnar og byggðaráðs Húnabyggðar aðfaranótt 10. júní 2025. Fram kemur að daginn áður, 9. júní 2025, hafi verið opnað fyrir upprekstur í alla afrétti fjallskiladeildarinnar. Vegurinn upp á Haukagilsheiði hafi verið lagfærður daginn áður. Sá hængur sé þó á að eigandi Haukagils, þ.e. stefndi, hafi komið fyrir stóru grjóti á veginum upp hjá Haukagili, sem liggja að Haukagilsheiði, í Víðidalsfjall og lögbýlið Gilhaga. Ekki sé hægt að komast framhjá því á neinu farartæki. Steinninn hafi verið fjarlægður þaðan daginn áður af fulltrúum Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiða, fulltrúum fjallskilaneftdar Grímstungu- og Haukagilsheiða, fulltrúum Veidifélags Grímstungu- og Haukagilsheiða og eigendum lögbýlisins Gilhaga. Grjótið hafi þurft að

fjarlægja til að hægt væri að fara upp eftir í gróðurskoðun, lagfæringu á veginum og til að koma hrossum í Gilhaga. Um kvöldið hafi verið búið að koma steininum aftur fyrir á veginum og því ekki hægt að komast þar um nema hann yrði fjarlægður. Fjallskilastjórn telji alveg skýrt að Húnabyggð sé veghaldari á þessum vegi og þurfi því að standa á rétti sínum til að hafa veginn opinn allri umferð. Farið var fram á að sveitarstjóri færi strax í það að láta fjarlægja grjótið og sjá til þess að vegurinn yrði opinn og hægt yrði að komast þar um óhindrað. Þarna þurfi menn á vegum sveitarfélagsins að komast upp til að sinna girðingaviðhaldi og nýgirðingu en það sé ekki mögulegt nema á vélknúnum ökutækjum. Þarna þurfi eigendur Gilhaga einnig að komast um til að lagfæra sínar girðingar og koma sínum búfénaði þangað og hafa eftirlit með honum. Vegurinn sé jafnframt nýttur fyrir gangnamenn á haustin til að flytja hross sín. Enn fremur sé vegurinn nýttur til refa- og minkaveiða í sveitarfélaginu enda sé þetta land allt teiknað inn á það veiðikort sem sveitarfélagið hafi gert af veiðisvæðum Húnabyggðar. Veiðimenn þurfi að komast um veginn vegna fuglaveiði og fiskveiði. Sömuleiðis þurfi fjáreigendur að komast um veginn með fé á afrétt.

29. Í fundargerð sveitarstjórnar Húnabyggðar er greint frá því að á fundi 10. júní 2025 hafi verið tekin fyrir tvö erindi sem varði veg upp á Haukagilsheiði í gegnum Haukagil, annað frá stefnandanum Jóni Gíslasyni fyrir hönd landeigenda Gilhaga, Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Veiðifélags Grímstungu- og Haukagilsheiðar, auk fjallskilaneftndar þessara sömu heiða og hitt frá fjallskilastjórn Grímstungu- og Haukagilsheiða er varði veg upp á Haukagilsheiði. Upp sé kominn ágreiningur milli landeigenda Haukagils og þeirra aðila sem noti veg í gegnum land Haukagils upp að Gilhaga og á afrétti Haukagilsheiðar. Landeigandi hafi lokað veginum og ósætti sé um þá lokun og áhöld um hver sé veghaldari o.fl. Fram kemur að sveitarstjórn sé sammála um að brýnt sé að fá úr því skorið hver sé veghaldari vegarins en að það gæti tekið langan tíma. Því sé mikilvægt að leita allra leiða til að ná sáttum milli aðila og tryggja umferðarrétt til skamms tíma. Þá sé mikilvægt að aðilar málsins sammælist um að leita lausna til framtíðar. Sveitarstjóra sé falið að halda samtalinu áfram og reyna að leiða aðila saman að lausn málsins.
30. Samkvæmt gögnum málsins hefur Húnabyggð og áður forveri þess sveitarfélags, Húnavatnshreppur, undanfarin ár þegið styrki á grundvelli reglna nr. 1155/2011 um styrki til samgönguleiða og staðið að endurbótum á umræddum vegi, a.m.k. á árunum 2021 og 2022. Með styrkumsókn sveitarfélagsins árið 2023 fylgdi rökstuðningur í bréfi,

dags. 16. mars það ár. Þar er óskað eftir 12.000.000 króna vegna Haukagilsheiðarvegar. Fram kemur að uppbyggingarþörf þar sé mikil vegna mikillar umferðar stórra fjárflutningabíla/-tækja. Síðan er gerð grein fyrir þeim lagfæringum sem vegurinn þarfnist. Meðal annars kemur fram að laga þurfi brekkurnar fyrir ofan Haukagil og keyra í þær efni til að breikka veginn. Setja þurfi vatnsbretti í brekkurnar svo leysingavatn skoli ekki öllu efni niður brekkurnar. Vatn sem komi fyrir ofan veginn, sem og vatn á veginum sjálfum, þurfi að geta runnið meðfram veginum. Því þurfi að grafa rásir meðfram veginum til að vatn geti safnast þar saman. Getið er um tiltekinn hluta vegarins þar sem komin séu djúp hjólför sem séu full af grjóti og geti því verið varasöm fyrir bíla og kerrur. Því sé nauðsyn að keyra þar efni í veginn. Á öðrum stað þurfi að breikka veginn og moka þar upp úr vatnsrás fyrir ofan veginn. Í bréfi, dags. 11. febrúar 2025, eru færð rök fyrir styrkumsókn Húnabyggðar það ár, sambærileg þeim sem fyrr greinir vegna sams konar umsóknar árið 2023.

31. Með tölvupósti til skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar 16. júní 2025 var þess óskað af hálfu stefnenda að merking á veginum um Gilhaga á aðalskipulagskortinu yrði leiðrétt. Þar sé vegurinn merktur sem reiðleið en í textalýsingunni segi réttilega að frá Haukagili sé vegslóða fylgt að Fremstaseli. Þessi hluti leiðarinnar sé bílvegur, sem sé vegurinn að Gilhaga og auk þess nýttur til að aka fé á afrétt við smalamennskur, sinna girðingaviðhaldi og sé auk þess aðkoma að heiðinni við hlunnindanotkun og refaveiðar. Því hljóti að teljast eðlilegt að vegurinn sé merktur sem slíkur, en ekki sem teiknuð reiðleið á skipulagskortinu. Í svari skipulags- og byggingarfulltrúans sama dag kemur fram að þetta verði lagfært.
32. Í tölvupósti lögmanns réttargæslustefnda til lögmanns stefnenda 22. ágúst 2025 kemur fram að ekki sé ljóst hvort umræddur vegur teljist vera sveitarfélagsvegur samkvæmt [9]. gr. vegalaga, þ.e. engir samningar séu um slíkt eða þinglýstar kvaðir á lögbýlið. Þó kunni, í ljósi aðalskipulagsuppdráttar og greinargerðar með aðalskipulagi, að vera rétt að flokka veginn sem landsveg samkvæmt d-lið 8. gr. laganna. Hins vegar liggi fyrir að sveitarfélagið hafi á umliðnum árum og áratugum veitt fjármunum til viðhalds vegarins, m.a. með styrkvegafé frá Vegagerðinni.
33. Í tölvupósti skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar 25. ágúst 2025 kemur fram að um hálfum mánuði fyrr hafi verið gert samkomulag um að leiðin niður af Haukagilsheiði yrði opnuð fyrir göngur um haustið. Samkvæmt hans skilningi ætti það við bæði um fyrri og seinni göngur. Annars væri slóðinn lokaður vélknúnum ökutækjum.

*Gögn um afstöðu Vegagerðarinnar til vegarins og aðkomu að málefnum hans*

34. Í tölvupósti forstöðumanns lögfræðideildar Vegagerðarinnar til lögmanns stefnenda 26. september 2025 kemur fram að umræddur vegur sé ekki þjóðvegur samkvæmt 8. gr. vegalaga. Í öðrum tölvupósti forstöðumannsins til lögmannsins, 22. október 2025, kemur fram að með fylgi gögn um styrki til sveitarfélagsins samkvæmt 25. gr. vegalaga, sbr. reglugerð nr. 1155/2011 um styrki til samgönguleiða árin 2021 og 2022, þar sem fram komi að sveitarfélagið hafi ráðist í endurbætur á veginum um Haukagilsheiði. Vegagerðin hafi ekki frekari sundurliðun á þessum fjárhæðum milli einstakra samgönguleiða en fram komi að sveitarfélagið hafi nýtt framlög til vegarins með endurbótum á árunum 2021 og 2022. Sveitarfélagið hafi einnig fengið styrki undanfarin ár, 2023–2025, en beðið sé frekari upplýsinga varðandi það. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafi stefndi ekki fengið greiðslur vegna vegarins um Haukagilsheiði, en ekki tíðkist að veita þessa styrki til einstaklinga heldur séu sveitarfélög almennt viðtakendur þeirra.
35. Af hálfu stefnda voru bornar fram spurningar til Vegagerðarinnar 2. desember 2025 um ýmis atriði sem varða veginn. Í svari Vegagerðarinnar 21. sama mánaðar kemur fram að styrkjum til samgönguleiða sé úthlutað til sveitarfélaga og við það miðað að sveitarfélagið hafi tekið að sér veghaldið, enda sé það skilyrði þess að sækja megi um styrk. Vegagerðin sé ekki veghaldari umrædds vegar og taki því ekki afstöðu til þess hvort slóðinn sé opinn almennri umferð í því ástandi sem hann sé nú. Um sé að ræða slóða sem falli undir 25. gr. vegalaga nr. 80/2007. Aftur á móti gildi 15. gr. vegalaga þegar Vegagerðin feli öðrum, t.d. sveitarfélagi, veghald á þjóðvegi og geri um það þjónustusamning samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laganna. Umræddur vegslóði teljist ekki til þjóðvega og engar skyldur hvíli á Vegagerðinni vegna hans.

*Vatnsból í grennd við veginn*

36. Skammt neðan við veginn, þar sem hann liggur upp hlíðina vestan við bæjarstæði Haukagils, er vatnsból jarðarinnar. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gerði úttekt á vatnsbólínu að beiðni stefnda 26. júní 2025. Gerð er grein fyrir niðurstöðum í skjali frá heilbrigðiseftirlitinu, dags. 14. júlí 2025. Þar kemur fram að niðurstaða sýnatöku hafi leitt í ljós að neysluvatnið sé óhæft til drykkjar vegna kólígerla í vatninu. Helstu áhættuþættir eru sagðir vera yfirborðsvatn, vegur og beit. Ganga þurfi þannig frá vatnsbólínu að yfirborðsvatn komist ekki að því. Vegslóði upp á Haukagilsheiði liggja nokkra metra ofan við lind á grannsvæði, rétt ofan við brunnsvæði lindarinnar. Í leysingum berist silt, sandur og mól frá vegi niður á brunnsvæði vatnsbólsins. Um beit segir að svæðið sé girt

af með allstórrri girðingu en brunnsvæðið sé ekki girt sérstaklega af. Sauðfé komist inn fyrir girðingu þótt svæðið sé ekki ætlað til beitar.

37. Fjögur atriði eru nefnd í úttektinni sem leiðir til lausna. Í *fyrsta lagi* að ganga frá vatnsbólínu þannig að yfirborðsvatn komist ekki að brunni. Grafa þurfi V-laga skurð ofan við brunn til að leiða yfirborðsvatn frá eða hlaða upp V-laga mön þannig að oddurinn snúi upp. Einnig sé hægt að hækka lindarbrunninn. Í *öðru lagi* þurfi að setja meindýra- og fluguhelt yfirfallsrör á brunninn fyrir yfirfall og leiða það í „smá púkk“ fyrir neðan vatnsbólíð. Í *þriðja lagi* þurfi að gera ráðstafanir þannig að jarðvegur renni ekki niður í vatnsbólíð. Einnig skapi vegurinn aukna hættu á að lind eyðileggist ef olíuslys verði og olía leki niður gegnum söfnunarsvæði lindarinnar. Í *fjórða lagi* þurfi að girða umhverfis lindina til að hindra beit búfjár og hættu á að E-kólígerlar komist í neysluvatnið.

#### *Bréfaskipti aðila*

38. Með bréfi, dags. 5. júní 2025, var fyrir hönd stefnenda skorað á stefnda „að láta af þeirri háttsemi að loka fyrir umferð um veg sem liggur frá Haukagili upp á Haukagilsheiði og að Gilhaga, með því að setja grjót og aðrar hindranir á veginn þannig að ökutæki komist ekki um hann“. Erindinu var svarað fyrir hönd stefnda með ódagsettu bréfi sem stefnendur munu hafa mótttekið 7. sama mánaðar og því hafnað að opna veginn.

#### *Skýrslur fyrir dómnum um nýtingu vegarins og lands Gilhaga*

39. Í skýrslu sinni fyrir dómnum kvað stefnandinn Jón Gíslason land Gilhaga vera í heild um 1.000 hektara. Þar sé afgirt hólf, um 300 hektarar að stærð, sem stefnendur noti til beitar. Utan beitarhólfsins sé landið nýtt sem afréttarland. Fyrir liggi samningur við sveitarfélagið um smölun þess. Hann kvað hross og fé hafa verið flutt í land Gilhaga um umræddan veg undanfarin ár, eftir að hætt hafi verið að reka um tiltekna leið hjá Álku. Árið 2002, eða þar um bil, hafi verið farið að flytja fé á flutningabílum um veginn, 2–3 bíla á ári. Aðspurður um hverjir fleiri nýti veginn kvað hann þetta vera eina nothæfa akveginn að Haukagilsheiði. Sláturflutningabílar hafi farið um hann og fjárbændur sem sleppi fé á Víðidalsfjall. Þá hafi hann verið nýttur vegna veiði á heiðinni, fiskveiði og skotveiði. Enn fremur hafi verið farið um veginn vegna viðhalds girðinga. Stefnandinn kvað það vera með öllu óraunhæft að nota veg sem liggur upp frá Grímstungu sem samgönguleið til og frá Gilhaga, þar sem sá vegur sé illfær og miklum mun seinfarnari en vegurinn sem deilt er um í málinu.

40. Stefnandinn Birgir Þór Haraldsson kvaðst nýta land Gilhaga fyrir trippi á sumrum. Hross sem þar hafi verið á hans vegum og stefnandans Hörpu Birgisdóttur hafi ávallt verið flutt á milli á bílum en ekki rekin. Hann kvað veginn einnig hafa verið nýttan til að fara með fé á afrétt. Það hafi verið sett á kerru og sleppt á Fremstaseli. Hann kvað sveitarfélagið hafa annast viðhald vegarins. Vegurinn hafi einnig verið notaður vegna viðhalds girðinga á vegum sveitarfélagsins. Þá hafi verið farið um hann bæði á bíl og sexhjóli. Vegurinn hafi jafnframt verið nýttur af hálfu þeirra sem sjái um grenjavinnslu. Þá hafi veiðimenn þurft að nota veginn, vegna silungsveiði og skotveiði. Aðilinn kvað þetta vera eina akvegin að Fremstaseli. Fjallskilastjórn hafi hverju sinni metið ástand vegarins m.t.t. þess hvort óhætt væri að aka hann.
41. Stefndi, Egill Herbertsson, kvað sveitarfélagið stundum hafa greitt fyrir viðhald á veginum. Stundum hafi stefndi tekið viðhaldið að sér og stundum aðrir. Stefndi kvað efni til viðhaldsins hafa komið frá sér og hann ekki fengið greitt fyrir það. Stefndi kvað veginn hafa verið til staðar þegar hann eignaðist Haukagil árið 1993. Hann kvað ýmsa hafa notað veginn eins og þeir ættu hann, ekki bara bændur og sveitunga heldur einnig ferðamenn. Notkun vegarins hafi verið komin í ógöngur, m.a. vegna hættu sem steðjaði að vatnsbólínu.
42. Birgir Líndal Ingbórsson, formaður stjórnar Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, bar um að þeir sem eigi upprekstrarrétt á afréttinn hafi í fjölda ára notað veginn í tengslum við þau not. Veiðimenn hafi einnig notað veginn vegna fuglaveiði og silungsveiði. Sjálfseignarstofnunin leigi út fuglaveiði á svæðinu. Allir hafi getað farið þarna um án hindrana. Farið hafi verið um veginn á vélknúnum ökutækjum allan þann tíma sem hann þekki til, sem sé frá því upp úr 1980. Aðspurður kvað hann gripaflutningabíla sem flytji fé um veginn vera 23–25 tonn að þyngd. Aðspurður um mat á ástandi vegarins kvað hann það hafa farið fram með þeim hætti að fjallskilastjórn hafi metið það og endurbætur hafi farið fram í samstarfi við sveitarfélagið og fjallskilastjóra. Stundum hafi landeigendur einnig komið að því.
43. Pétur Bergþór Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar, staðfesti að Húnabyggð, og áður forverar þess sveitarfélags, hefði í gegnum tíðina komið að viðhaldi á veginum. Sveitarfélagið starfræki styrkvegasjóð. Fjallskilanefnd fjalli um hvaða framkvæmda sé þörf. Ekki hafi verið um miklar framkvæmdir að ræða við veginn á síðustu árum.

44. Björn Magnússon, fyrrverandi oddviti Sveinsstaðahrepps og síðar Húnavatnshrepps, bar um að sveitarfélagið hefði greitt fyrir viðhald á veginum, með styrkjum sem fengist hefðu úr fjallvegaskjóði. Hann kvað notkun á veginum hafa farið fram í samráði við landeigendur og að þeir sem ættu upprekstrarrétt á afréttinn hefðu fengið leyfi til að nýta veginn.
45. Einar Kristján Jónsson, fyrrverandi sveitarstjóri Húnavatnshrepps, bar um að upprekstrarrétthafar hafi haft afnot af veginum. Leyfi landeiganda hafi þurft vegna alls viðhalds á veginum. Hann kvaðst telja að stefndi hefði útvegað efni, vegna viðhaldsframkvæmda, úr malarnámu í landi Haukagils.

#### **Helstu málsástæður stefnenda**

46. Stefnendur byggja á því að um sé að ræða ólögmdæta lokun á umræddum akvegi sem liggja frá og um jörðina Haukagil, upp á Haukagilsheiði og m.a. að eyðijörðinni Gilhaga og Fremstaseli. Stefnendur séu þinglýstir eigendur Gilhaga og séu þar með hross og sauðfé. Vegurinn sé eina akfæra leiðin upp að hinu forna lögbýli Gilhaga, sem stefnendur eigi. Kröfur stefnenda um óhindraðan umferðarrétt um veginn byggist á hefðbundnum umferðarrétti þeirra og forvera þeirra að Gilhaga, sem og rétti þeirra til að nota opinberan akveg og nauðsynlega og hefðbundna leið að afrétti þeirra, Haukagilsheiði.
47. Umræddur vegur hafi verið til staðar í áratugi, eða a.m.k. frá árinu 1958 fyrir vélknúin ökutæki, og hafi verið byggður upp og honum viðhaldið af sveitarfélaginu (Áshreppi og Sveinsstaðahreppi, síðar Húnavatnshreppi og nú Húnabyggð). Fjárframlög sveitarfélaga og úthlutun styrkja frá Vegagerðinni til viðhalds vegarins staðfesti opinbert eðli hans og mikilvægi fyrir samfélagið, auk þess að sýna fram á að hann hafi verið ætlaður vélknúnum ökutækjum.
48. Í þessu sambandi vísa stefnendur til skráninga í hreppsþækkur Áshrepps 1958, 1968, 1973 og 1978, og Sveinsstaðahrepps 1972, 1973, 1979, 1980 og 1982, um fjárframlög til uppbyggingar, viðhalds og endurbóta á veginum. Einnig vísa þau til gagna um úthlutun Vegagerðarinnar á fjármunum til viðhalds vegarins 2000–2005. Vegarinn sé jafnframt getið í fleiri heimildum. Í því sambandi megi einkum nefna örnefnaskrá fyrir jörðina Haukagil, sem Konráð Eggertsson og Haukur Eggertsson hafi skráð í desember 1988. Þessi gögn sýni að vegurinn hafi verið byggður upp og honum viðhaldið af sveitarfélaginu. Jafnframt sýni gögnin fram á að Vegagerðin hafi úthlutað peningum til sveitarfélagsins til viðhalds vegarins. Gögnin bendi einnig til þess að umræddur vegur hafi verið gerður til aksturs bifreiða og vélknúinna ökutækja.

49. Tilvitnað lagaákvæði kveði á um að sveitarfélagsvegir séu vegir sem ekki teljist þjóðvegir, séu í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Söguleg gögn um fjárframlög sveitarfélaga til vegarins styrki þann málflutning að vegurinn falli undir þessa skilgreiningu. Þetta sæki jafnframt stoð í þá staðreynd að samkvæmt eldri heimildum hafi vegurinn verið flokkaður sem svokallaður *sýsluvegur*, sbr. hreppsþók Áshrepps frá 1967 og skýrslu um sýsluvegi á Íslandi 1913 eftir upplýsingum frá sýslunefndum sem birtust í ritinu *Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1912*.
50. Sýsluvegir hafi verið taldir til opinberra vega, verið opnir almennri umferð og fengið fjárveitingar úr sýsluvegasjóði sem talist hafi veghaldari. Þegar Gilhagi hafi fallið í eyði um 1931 hafi þessi skráning glatast, sbr. þó hreppsþækur Áshrepps frá 1967. Þó sé ljóst af gögnum málsins að sveitarfélagið hafi annast veghald vegarins í gegnum tíðina og þegið styrkfé vegna þess. Þetta bendi að mati stefnenda til þess að vegurinn teljist í dag vera sveitarfélagsvegur, sbr. 9. gr. vegalaga. Lögmaður Vegagerðarinnar hafi staðfest í tölvupósti 22. október 2025 að umræddur vegur sé ekki þjóðvegur samkvæmt 8. gr. vegalaga, en jafnframt að Vegagerðin hafi veitt sveitarfélaginu styrki til endurbóta á veginum á árunum 2021–2025 samkvæmt 25. gr. vegalaga og reglugerð nr. 1155/2011. Þetta styrki þá niðurstöðu að sveitarfélagið beri veghald vegarins og að hann teljist því sveitarfélagsvegur en ekki einkavegur.
51. Jafnframt telja stefnendur að vegurinn hafi hugsanlega eftir 1930 verið flokkaður sem fjallvegur. Fjallvegir hafi samkvæmt eldri vegalögum verið sérstakur vegaflokkur og hluti af opinberu vegakerfi en ekki einkavegir. Fjallvegir hafi verið ætlaðir til almennrar notkunar, sérstaklega vegna nýtingar á afréttum og beitolöndum. Til að mynda megi nefna að vegarins sé sérstaklega getið í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1979, 1982 og 1985, undir fjárveitingum til annarra fjallvega. Í dag séu fjallvegir flokkaðir sem landsvegir samkvæmt d-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga. Sveitarfélagið Húnabyggð hafi jafnframt lýst afstöðu sinni til vegarins með tölvupósti 22. ágúst 2025. Þar komi fram að sveitarfélagið líti svo á að það kunnist vera rétt að flokka veginn sem landsveg samkvæmt d-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga. Þessi afstaða sé studd þeirri staðreynd að sveitarfélagið hafi á umliðnum árum og áratugum veitt fjármunum til viðhalds vegarins, m.a. með styrkvegafé frá Vegagerðinni. Sveitarstjóri telji jafnframt ljóst að vegurinn eigi að vera opin fyrir almennri umferð, þ.m.t. vélknúinna ökutækja. Stefnendur taki undir þetta sjónarmið sveitarstjórans og telji ljóst að vegurinn eigi að

vera frjáls allri umferð og að hann sé ætlaður til almennrar notkunar. Vegurinn geti a.m.k. aldrei talist vera einkavegur stefnda.

*Nánar um notkun stefnenda á veginum*

52. Stefnendur vísa til þess að lambfé og hross hafi alltaf verið rekin frá Hofi og upp í Gilhaga. Veginum hafi verið fylgt að austanverðu, farið yfir Álkubru og svo beint upp brekkurnar í Haukagilslandi. Um þessa rekstrarleið hafi verið samkomulag milli Gísla Pálssonar á Hofi, föður stefnandans Jóns, og Konráðs Eggertssonar, sem þá hafi búið á Haukagili. Auk þess hafi umrædd leið verið gömul kirkjuleið frá Gilhaga, meðan hann var í byggð og kirkja í Grímstungu. Þessi rekstrarleið hafi áfram verið notuð þótt ábúendaskipti hafi orðið á Haukagili og þótt fjárlaus væri á Hofi 1987–1990 vegna riðuniðurskurðar hafi trippi alltaf verið rekin þessa leið til sumarþeir í Gilhaga. Þegar stefnandinn Jón hafi hafið fjárbúskap að nýju hafi hann líka fljótlega farið að reka þessa sömu leið aftur. Stefndi Egill hafi hafið búskap á Haukagili 1991 og engar athugasemdir gert við þennan upprekstur og tilheyrandi umferð.
53. Vorið 2002 hafi kveðið við nýjan tón þegar stefndi hafi verið búinn að hlaða stórgrýti í hliðið þar sem rekstrarleiðin upp brekkurnar byrjaði. Stefndi hafi sagt að stefnandinn Jón gæti farið veginn sem liggja upp norðan við Haukagilsbæinn, eins og aðrir. Hér eftir væri bara ein rekstrarleið í gegnum hans land, umræddur vegur. Stefnandinn Jón hafi bent stefnda á að þetta væri 4–5 km krókur fyrir hann og erfitt væri að leggja þann aukakrók á lambfé að vori. Stefndi hafi engu skeytt um það og sagt að Hofsbóndi yrði að nota sömu leið og aðrir bændur, sem á þessum árum hafi allir verið farnir að bílflytja féð upp þennan veg í stað þess að reka það. Stefnandinn Jón hafi þá hætt að reka féð um gömlu rekstrarleiðina og farið að bílflytja féð. Hann hafi farið um veginn með 2–3 fjárflutningabíla á hverju ári síðan 2003 og auk þess rekið hrossin til sumarþeir í Gilhaga eftir honum. Þá hafi ríkt friður um að nota veginn, allt þar til vorið 2025 þegar stefndi hafi lokað veginum, sem hafi komið stefnandanum Jóni í opna skjöldu.
54. Eldri heimildir segi frá því að vegurinn, eða reiðleiðin, frá Kalmanstungu norður yfir heiðar, hafi skipst skammt fyrir norðan Arnarvatn. Leiðin yfir Stórasand hafi kallast Skagfirðingavegur og legið yfir Blöndu á Blönduvöðum, sem hafi verið þar sem nú er Blöndulón. Leiðin norður í Vatnsdal hafi hins vegar kallast Grímstunguheiðarvegur, þrátt fyrir að hann hafi lengstum legið um Gilhaga og niður hjá Haukagili, nokkurn veginn þar sem margumþrættur vegur liggja. Um 1880–1881 hafi langafi stefnandans Jóns og nafni, Jón á Hofi, unnið að vegabótum sumarlangt á þessari leið. Steinum hafi verið velt úr

götu, vegurinn afmarkaður með grjóti og vörður hlaðnar. Jafnframt hafi verið stungnar sniddur þar sem leiðin hafi legið um blautt land. Þessar vegabætur hafi staðist vel tímans tönn og séu mjög vel sýnilegar í dag, tæpum 150 árum seinna. Heimildir séu um að þær hafi verið styrktar af Danakonungi.

*Umferðarréttur að jörðinni Gilhaga*

55. Fyrir liggja að stefndi hafi lokað umræddum vegi vorið 2025 með því að koma fyrir stóru grjóti á honum og/eða læsa hliði með keðju, sem hafi gert stefnendum ófært að komast um veginn með ökutæki og að jörð sinni, Gilhaga. Um sé að ræða eina veginn sem liggja að hinu forna lögbýli Gilhaga og hann hafi verið nýttur af eigendum Gilhaga í áratugi. Hann hafi síðar verið opnaður tímabundið að beiðni réttargæslustefnda, sveitarfélagsins Húnabyggðar, en stefndi lokað honum á ný síðsumars, þá með því að leggja stórri gröfu á veginn. Hún hafi síðar verið tekin frá um réttir, en stefndi haldi því fram að hann eigi veginn og megi loka honum að eigin geðþótta þegar honum sýnist. Stefnendur geti ekki sætt sig við þessa afstöðu stefnda og krefjist því dóms fyrir fullum umferðarrétti um veginn.
56. Stefnendur vísa kröfum sínum til stuðnings til hefðarsjónarmiða, samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð. Samkvæmt 7. gr. laganna stofnist réttur til afnota af fasteign, sem teljist sýnilegt ítak, hafi notkunin verið óátalin í 20 ár. Fyrir ósýnileg ítök, svo sem beit eða reka, sé hefðartíminn hins vegar 40 ár samkvæmt 8. gr. sömu laga. Gögn málsins sýni fram á langvarandi og óátalda notkun vegarins af hálfu stefnenda og forvera þeirra, en hann hafi verið nýttur af eigendum Gilhaga allt frá því nýbýlið var stofnað 1847 út úr jörðinni Haukagili. Þá hafi hann verið nýttur fyrir vélknúin ökutæki að minnsta kosti frá árinu 1958. Á þeim tíma hafi engar athugasemdir eða mótmæli við þessari notkun komið fram af hálfu fyrri eigenda Haukagils. Því teljist fullur hefðartími vera liðinn.
57. Lokun vegarins um vorið 2025, og svo aftur um sumarið, hafi hindrað með ólögmætum hætti eðlilega notkun stefnenda á jörð sinni, Gilhaga, þar sem enginn annar vegur liggja að jörðinni. Þetta hafi haft áhrif á mikilvægar athafnir stefnenda eins og eftirlit með unghrossum, viðhald girðinga, flutning búfjár, grenjavinnslu og hlunnindanotkun.

*Umferðarréttur á grundvelli vegalaga nr. 80/2007*

58. Stefnendur byggja jafnframt á því að lokun stefnda á veginum sé ólögmæt og brjóti gegn lögvörðum umferðarrétti þeirra að jörð sinni Gilhaga samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

59. Þrátt fyrir að vegurinn sé óflokkaður í vegaskrá Vegagerðarinnar telja stefnendur að hann falli undir flokk sveitarfélagsvega samkvæmt 9. gr. vegalaga, enda hafi sveitarfélagið lagt verulega fjármuni í viðhald og uppbyggingu hans og hann sé ætlaður almenningi til frjálstrar umferðar.
60. Jafnframt vísa stefnendur til þess að í 55. gr. vegalaga sé kveðið á um að ef vegur, stígur eða götutroðningur sem ekki tilheyri neinum vegaflokki liggi yfir land manns sé landeiganda heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum. Hins vegar megi hann ekki læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi. Ekki liggi fyrir nein slík heimild frá sveitarstjórn Húnabyggðar sem leyfi landeiganda Haukagils að hindra umferð um umræddan veg. Lokun vegarins fari því gegn ákvæði 55. gr. vegalaga og sé ólögmat.
61. Þá byggja stefnendur á því að lokun vegarins brjóti gegn 47. gr. vegalaga um umferðaröryggi en sú háttsemi að setja stein á veginn og leggja vinnuvélum á hann geti talist hættuleg í skilningi ákvæðisins.

#### *Sérstök mótmæli við röksemdum stefnda*

62. Stefnendur mótmæla því sjónarmiði stefnda að vegurinn sé samkvæmt aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010–2022 tilgreindur sem reiðleið en ekki fyrir vélknúin ökutæki. Ljóst sé að skráningin í aðalskipulagið útiloki ekki að umræddur vegur sé jafnframt ætlaður til aksturs. Tilvísun til *vegslóða* í texta aðalskipulagsins, ásamt sögu vegarins, bendi til annarrar notkunar en eingöngu sem reiðleiðar.
63. Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnabyggðar hafi einnig staðfest í tölvupósti 16. júní 2025 að vegurinn eigi að vera merktur sem bílvegur á skipulagskortinu, þar sem hann sé notaður fyrir umferð að Gilhaga, til að aka fé á afrétt, við smalamennsku, sinna girðinga- viðhaldi og sem almenn aðkoma að heiðinni.

#### *Samantekt*

64. Stefnendur segja tilraunir til sáttar ekki hafa borið árangur, þar sem stefndi hafi ekki orðið við kröfunni um að viðurkenna fullan og óhindraðan umferðarrétt stefnenda um umþrættan veg, heldur hafi hann lokað honum fyrirvaralaust að eigin geðþótta. Stefnendur hafi því ekki séð sér annað fært en að höfða dómsmál til að tryggja lögvarða hagsmuni sína.

## Helstu málsástæður stefnda

### *Um frávísun málsins án kröfu*

65. Stefndi telur slíka vankanta vera á kröfugerð og málatilbúnaði stefnenda að varðað geti frávísun án kröfu (*ex officio*).
66. Í *fyrsta lagi* sé krafa stefnenda viðurkenningarkrafa, en í stefnu sé í engu getið á hvaða lagaákvæði krafan sé byggð, sbr. f-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Aðalkrafa stefnenda sé að þessu leyti svo vanreifuð að vísa verði henni frá dómi án kröfu.
67. Í *öðru lagi* gangi krafa stefnenda í berhögg við 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, þar sem með því að krefjast þess fyrir dómi að viðurkenndur verði fullur og óhindraður umferðarréttur stefnenda, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum, um umræddan vegslóða, séu stefnendur ekki einungis að fara fram á að viðurkenndur verði umferðarréttur þeirra, heldur að dómstólar taki ákvörðun um flokkun slóðans og taki þar með ákvörðun sem löggjafinn hafi falið Vegagerðinni sem stjórnvaldi að taka að undan-gengnu mati. Því beri að vísa kröfunni frá dómi, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

### *Krafa um sýknu*

68. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að engin lagaskilyrði séu til að fallast á kröfur stefnenda.
69. Slóðinn sem stefnendur krefjast umferðarréttar um sé reiðvegur og því beri stefnda engin skylda til að opna hann fyrir umferð vélknúinna ökutækja, sér í lagi þar sem slíkt sé til þess fallið að ógna vatnsbóli jarðarinnar og þar með heilsu og velferð ábúenda og búfjár á jörðinni.
70. Slóðinn falli undir 10. gr. vegalaga, sbr. aðalskipulag, og sé opinn annarri umferð en umferð vélknúinna ökutækja. Því sé lokun slóðans í fullu samræmi við lög. Slíkir stígar eða slóðar séu ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar og sé haldið við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Það að sveitarfélagið hafi komið að viðhaldi eða uppbyggingu slóðans bendi því ekki til þess að um sveitarfélagsveg sé að ræða eins og stefnendur haldi fram, heldur renni í raun stoðum undir það að um reiðslóða sé að ræða í samræmi við aðalskipulag og að slóðinn falli að 10. gr. vegalaga.
71. Þá beri Vegagerðinni, samkvæmt 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, að halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja sé heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga. Umræddan veg sé ekki að finna

í kortagrunni og því ljóst að ekki sé viðurkennt að hann sé ætlaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

72. Til þess að unnt væri að viðurkenna rétt stefnenda til fulls og óhindraðs umferðarréttar um slóðann, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum, þyrfti því að mati stefnda að ákvarða að vegurinn væri ekki reiðslóði, eins og greini í aðalskipulagi, og ákvarða um hvers konar veg væri að ræða. Það sé á valdsviði Vegagerðarinnar, sem fari með framkvæmd og stjórnsýslu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. vegalaga, og því ekki á valdsviði dómstóla.
73. Ef umræddur slóði þyki þrátt fyrir framangreint eiga að flokkast sem vegur fyrir vélknúin ökutæki sé ljóst að um einkaveg sé að ræða, enda sé hann á landi stefnda og þar af leiðandi í hans eigu, enda hafi stefndi fullt eignarhald á jörðinni og séu engar kvaðir þar á. Eignarréttur stefnda sé verndaður af eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hafi ekkert eignarnám farið fram og því ekkert sem réttlæti það að þessi slóði sé flokkaður sem akvegur í eigu annars aðila. Sé um einkaveg að ræða sé ljóst að stefndi hafi fulla heimild til þess að takmarka umferð annarra um veginn, sbr. 1. mgr. 55. gr. vegalaga.
74. Þyki umræddur slóði þrátt fyrir framangreint eiga að flokkast sem vegur fyrir vélknúin ökutæki og niðurstaðan yrði sú að ekki væri um einkaveg að ræða heldur óflokkaðan veg, eins og stefnendur hafi m.a. haldið fram, sé ljóst að stefndi hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði 1. mgr. 55. gr. vegalaga. Stefndi hafi verið í samskiptum við skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins og samkomulag hafi verið um að slóðinn væri lokaður fyrir vélknúin ökutæki, en yrði opnaður fyrir fyrri og seinni göngur. Því sé ljóst að slóðinn hafi verið lokaður fyrir vélknúnum ökutækjum með vitund og samþykki sveitarfélagsins. Það hafi ekki áhrif þótt aðrir fulltrúar frá sveitarfélaginu hafi haldið því fram við aðra aðila að þeir telji rétt að vegurinn sé opinn fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Enda hafi stefndi verið í góðri trú um að hann hefði leyst úr málinu í góðri samvinnu við fulltrúa sveitarfélagsins. Ótækt sé að borgararnir fái mismunandi svör frá mismunandi aðilum, en stefndi hafi verið í samskiptum við sveitarfélagið vegna málsins í því skyni að reyna að leysa úr þessari deilu með góðu móti í samvinnu við sveitarfélagið, þó svo að hann teldi sig í fullum rétti til þess að loka umræddum slóða fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Það sama eigi við ef umræddur slóði myndi teljast sem sveitarfélagsvegur.
75. Þess skuli svo getið að umræddur slóði er ekki eina leiðin til þess að stefnendur geti komist akandi til afréttarins, eins og haldið sé fram í stefnu, þar sem þau geti ekið upp

frá Grímstungu, en þar sé sannarlega vegur sem sé ætlaður til notkunar á vélknúnum ökutækjum og stefnendur geta notað til að komast inn á Haukagilsheiði.

76. Jafnframt beri að líta til neyðarréttarsjónarmiða, en ljóst sé að stefnda og fjölskyldu hans, sem og búfé á jörðinni, standi ógn af akstri um slóðann eins og er vegna ástands slóðans og nálægðar hans við vatnsból jarðarinnar. Vatnsból jarðarinnar að Haukagili liggja nokkrum metrum neðan við veginn og því sé hætt á að jarðvegur úr veginum renni í vatnsbólíð. Jafnframt sé hætt á að lindin eyðileggist verði olíuslys og olía leki niður í gegnum söfnunarsvæði lindarinnar. Það eru því brýnir hagsmunir stefnda að takmarka umferð vélknúinna ökutækja eins og kostur er, enda ljóst að um verulegt tjón yrði að ræða ef vatnsbólíð spilltist eða lindin eyðilegðist. Tjónið yrði ekki einungis fjárhagslegt, heldur gæti það jafnframt haft stórskaða í för með sér fyrir bæði ábúendur og skepnur á bænum sem reiði sig á vatn úr vatnsbólínu.
77. Þar af leiðandi sé ekki tækt að verða við kröfu stefnenda, nema tryggt sé að umferð um veginn stofni ekki vatnsbólí stefnda og þar með heilsu og velferð hans og annarra á jörðinni í hættu. Ómengað vatn sé lífsnauðsynlegt og því ljóst að með því að loka slóðanum fyrir umferð vélknúinna ökutækja sé verið að fórna minni hagsmunum fyrir meiri, enda hljóti réttur stefnda til aðgangs að ómenguðu vatni að vega þyngra en réttur stefnenda til umferðar vélknúinna ökutækja um umræddan slóða. Allar forsendur fyrir því að hafa slóðann opinn fyrir umferð vélknúinna ökutækja hafi brostið þegar þetta hafi orðið ljóst og því sé nauðsynlegt að takmarka umferð um hann eins og kostur sé. Stefnda sé því í raun heimilt að loka slóðanum fyrir umferð vélknúinna ökutækja með vísan til 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
78. Verði viðurkennt að umræddur slóði sé vegur fyrir vélknúin ökutæki verði jafnframt að liggja ljóst fyrir hver sé veghaldari, enda ljóst að staðsetning og ástand slóðans sé líklegt til þess að valda stefnda og öðrum á jörðinni tjóni. Unnt þurfi að vera að krefja viðeigandi veghaldara um nauðsynlegar umbætur svo hagsmunum og öryggi stefnda standi ekki hætt af veginum. Ástand slóðans og staðsetning hans sé með þeim hætti eins og er að ekki sé óhætt að hleypa umferð vélknúinna ökutækja um hann. Því sé nauðsynlegt að skera úr um hver sé veghaldari og hvort vegurinn sé í því ásigkomulagi að óhætt sé að hleypa umferð á hann.

79. Stefndi gerir þá athugasemd við málatilbúnað stefnenda um að vegur sem fjallað sé um í *Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1912* og örnefnaskrá fyrir Haukagil frá 1988 sé ekki sá sami og slóðinn sem stefnendur krefjast umferðarréttar um, en sá slóði hafi legið annars staðar eins og sjá megi á lýsingum um legu hans. Þá hafi ekki verið gerður sérstakur greinarmunur á akvegum og reiðvegum árið 1913, enda bifreiðaeign þá fremur fátíð.

#### **Helstu sjónarmið réttargæslustefnda**

80. Réttargæslustefndi tekur undir málatilbúnað stefnenda og lýsir því yfir að hann telji að fallast beri á viðurkenningarkröfu þeirra.
81. Réttargæslustefndi telur að í málinu beri að leggja til grundvallar að hann sé veghaldari Haukagilsvegar, sbr. 6. tölulið 3. gr. og 1. mgr. 13. gr. vegalaga nr. 80/2007 enda hafi hann ítrekað sótt um styrkvegafé til Vegagerðarinnar og veitt því áfram til viðhalds og endurbóta á veginum.

#### **Forsendur og niðurstöður**

##### *Um formhlið málsins*

82. Af hálfu stefnda er ekki gerð krafa um frávísun málsins en þó bent á ætlaða annmarka á málatilbúnaði stefnenda sem kunnir að varða frávísun málsins án kröfu. Í því sambandi vísar stefndi einkum til tveggja atriða. *Annars vegar* sé krafa stefnenda, sem sé viðurkenningarkrafa, vanreifuð að því leyti að þess sé ekki getið á stefnu á hvaða lagaákvæði hún sé byggð. Í því sambandi vísar stefndi til f-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. *Hins vegar* gangi krafan í berhögg við 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, þar sem í kröfunni felist að tekin verði ákvörðun um flokkun slóðans, sem sé lögum samkvæmt á valdi Vegagerðarinnar að gera en ekki dómstóla.
83. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur aðili sem hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Í f-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga kemur fram að í stefnu skuli greina svo glöggst sem verða má tilvísun til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Krafa stefnenda er skýr um það að hún snýr að viðurkenningu á umferðarrétti um tiltekinn veg sem liggur um land stefnda. Í stefnu er krafan rökstudd með vísan til ákvæða vegalaga nr. 80/2007 og laga nr. 46/1905 um hefð, eins og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um málsástæður stefnenda hér að framan. Þá er til þess að líta að tilvísun aðila til réttarreglna bindur ekki dómara á sama hátt og kröfur aðilar og málsástæður, sbr. 1. og 2. mgr. 111. gr. laga nr.

91/1991, enda bera dómara allt að einu að byggja niðurstöður á þeim réttarreglum sem hann telur eiga við. Að mati dómsins er krafa stefnenda nægilega reifuð til að unnt sé að leggja efnisdóm á hana.

84. Krafa stefnenda snýr þannig ekki með beinum hætti að flokkun vegarins eða slóðans á grundvelli vegalaga, heldur vísa stefnendur til ákvæða þeirra laga til stuðnings kröfu sinni um umferðarrétt um veginn. Því er ekki um það að ræða að krafan lúti að því að dómurinn taki ákvörðun um atriði sem er lögum samkvæmt á valdi Vegagerðarinnar að taka. Úrlausn dómsins um kröfuna fer því ekki gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem lýtur að þrígreiningu ríkisvaldsins.

85. Að framangreindu virtu eru engin efni til að vísa kröfum stefnenda frá dómi án kröfu.

#### *Úrlausn um efnishlið málsins*

86. Það er meginregla að menn verði að hafa aðgang að fasteignum sínum til allra venjulegra nota eða a.m.k. þeirra nota sem þær eru ætlaðar fyrir. Vera kann að viðkomandi fasteign sé landlukt og því sé óhjákvæmilegt að fara um land annarrar fasteignar til að nýta þá fyrrnefndu. Umferðarréttur getur eftir atvikum leitt af eðli máls, samningi eða hefð, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð. Þá er það ótvíræð meginregla í eignarrétti að réttur eiganda til að ráða yfir eign sinni er ekki óskoraður heldur sætir hann ýmsum takmörkunum. Meðal takmarkana sem eigandi fasteignar getur þurft að þola eru þær sem leiðir af umferðarrétti annars manns um eignina, sé umferðarréttinum til að dreifa.

87. Við úrlausn um tilvist umferðarréttar um fasteign annars manns hafa dómstólar m.a. litið til þess hvort sá réttur sé verulega íþyngjandi fyrir eiganda þeirrar fasteignar sem farið er um, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 23. maí 2001 í máli nr. 348/2000. Einnig hefur verið litið til þess hvort komast megi á annan hátt að fasteign þess aðila sem krefst umferðarréttar, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 9. apríl 2014 í máli nr. 203/2014 og 12. desember 2016 í máli nr. 781/2016.

88. Land jarðarinnar Haukagils og eyðjarðarinnar Gilhaga liggur innst í vestanverðum Vatnsdal, land Gilhaga fyrir innan og ofan land Haukagils. Fyrir liggur að landi Gilhaga, sem er í eigu stefnenda, var upprunalega skipt út úr Haukagili. Samkvæmt gögnum málsins var það gert árið 1847. Þegar litið er til þessa uppruna Gilhaga sem sjálfstæðrar fasteignar verður að telja líklegt að allt frá upphafi hafi leiðin að Gilhaga legið um land Haukagils, enda liggur ekki fyrir að til staðar hafi verið önnur greið samgönguleið þangað úr Vatnsdal sem fremur hafi verið notuð í því skyni.

89. Þess sér stað í gögnum allt frá árinu 1913 og síðar að vegur hafi legið um land Haukagils að Gilhaga. Vísað er til vegar þar sem sýsluvegar í skýrslu um sýsluvegi á Íslandi 1913 eftir upplýsingum frá sýslunefndum, sem birtist í ritinu *Landshagskýrslur fyrir Ísland 1912*. Þá segir í örnefnaskrá fyrir Haukagil, sem Konráð Eggertsson og Haukur Eggertsson skráðu árið 1988, að vegur hafi legið frá Haukagili fram á heiðar og suður í Borgarfjörð eftir barmi Álkugils framhá Gilhaga og Fremstaseli.
90. Eins og nánar er rakið í efnisgreinum nr. 12–17 hér að framan bera bókanir í hreppsþætur Áshrepps með sér að hreppurinn hafi frá árinu 1958 og til ársins 2005 ítrekað staðið fyrir vegagerð og umbótum á vegi um land Haukagils og Haukagilsheiði og að Gilhaga og þegið styrki vegna þess úr fjallvegasjóði og síðar frá Vegagerðinni. Jafnframt verður ráðið af hreppsþætur Sveinsstaðahrepps, sbr. umfjöllun í efnisgreinum 18–25, að málefni vegarins hafi ítrekað komi til umræðu þar, allt frá árinu 1972 til ársins 1982, og hreppurinn staðið fyrir framkvæmdum við veginn, m.a. með styrkjum frá fjallvegasjóði og afréttavegasjóði. Í tilvitnuðum gögnum er gjarnan vísað til vegarins sem Gilhagavegar eða Haukagilsheiðarvegar. Skýrslur samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlana 1979 og 1985 staðfesta að opinberu fé var varið í veg um Haukagilsheiði þau ár og er þar vísað til hans sem fjallvegar.
91. Ás- og Sveinsstaðahreppar sameinuðust fleiri sveitarfélögum undir merkjum Húnavatns- hrepps sem síðar sameinaðist Blönduósbæ undir merkjum Húnabyggðar. Gögn málsins bera með sér að Húnabyggð og áður Húnavatnshreppur hafi undanfarin ár sótt um styrki vegna viðhalds vegarins og hlotið þá a.m.k. á árunum 2021–2025, sbr. nánari umfjöllun í efnisgreinum nr. 30, 32 og 34–35.
92. Gögnin sem hér voru rakin eru ótvírætt til marks um að um áratugaskeið, og raunar a.m.k. í á aðra öld, hafi legið vegur frá Haukagili að Gilhaga og um Haukagilsheiði og að við- hald vegarins hafi a.m.k. frá því upp úr miðri 20. öld verið fjármagnað, a.m.k. að verulegu leyti, af opinberu fé og farið fram undir umsjá viðkomandi sveitarfélaga á hverjum tíma.
93. Stefnandinn Jón Gíslason hefur samkvæmt gögnum málsins verið meðal eigenda Gilhaga frá árinu 1986, þegar hann eignaðist jörðina úr hendi föður síns, og stefnendurnir Harpa Birgisdóttir og Birgir Þór Haraldsson frá árinu 2017. Stefnendur hafa haldið því fram að eigendur Gilhaga hafi nýtt veginn til að bílflytja búfé, allt frá því stefndi hafi lokað eldri rekstrarleið um vorið 2002 og þar til stefndi hafi lokað veginum vorið 2025. Það að vegurinn hafi verið ætlaður til umferðar á vélknúnum ökutækjum á sér einnig stoð í

fyrirgreindum gögnum úr hreppsþókum Ás- og Sveinsstaðahrepps. Þannig kemur fram í hreppsþók Sveinsstaðahrepps að 6. apríl 1972 hafi almennur sveitarfundur samþykkt að skora á sveitarstjórn að hún, í samráði við sveitarstjórn Áshrepps, léti fara fram athugun á vegagerð að heiðargirðingu vestan Álku sem fær yrði flutningabílum. Þá er í þókun í hreppsþók Áshrepps vegna fundar hreppsnefndar 18. júní 1973 vitnað í fundargerð hreppsnefndarfundar Sveinsstaðahrepps, þar sem samþykkt hafi verið að gera bílfæran veg upp að Gilhaga. Enn fremur kemur fram í hreppsþókinni að 21. apríl 1974 hafi á almennum sveitarfundi verið samþykkt samhljóða að skora á stjórn upprekstrarfélagsins að láta á því ári lagfæra svo veginn frá Haukagili fram og upp að heiðargirðingunni að hættulaust gæti talist að fara hann á jeppum og dráttarvélum án þess að stórskemma tækin.

94. Aðilar hafa að nokkru leyti byggt máltilbúnað sinn á því til hvaða flokks vega vegurinn skuli teljast samkvæmt ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 og eldri flokkunum þar að lútandi. Þannig hafa stefnendur byggt á því að vegurinn sé sveitarfélagsvegur í skilningi 9. gr. laganna en hafi samkvæmt gögnum málsins áður talist sýsluvegur og hugsanlega einnig sem fjallvegur. Fjallvegir séu nú flokkaðir sem landsvegir samkvæmt d-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga. Enn fremur hafa stefnendur vísað til 1. mgr. 55. gr. laganna varðandi það að ef vegur vegur, stígur eða götutroðningur sem ekki tilheyrir neinum vegaflokki liggja yfir land manns sé landeiganda heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum. Hins vegar megi hann ekki læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi. Enn fremur brjóti lokun vegarins gegn 47. gr. vegalaga um bann við því að raska umferðaröryggi. Stefndi hefur aftur á móti byggt á því að um sé að ræða slóða sem falli undir 10. gr. laganna, sbr. aðalskipulag réttargæslustefnda. Þá sé umræddan veg ekki að finna í stafrænum kortagrunni um aðra vegi en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja sé heimil, en Vegagerðinni sé skylt samkvæmt 1. mgr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, að halda slíka skrá. Því sé ljóst að ekki sé viðurkennt að vegurinn sé ætlaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Þá sé ljóst, sé um einkaveg að ræða, að stefndi hafi fulla heimild til að takmarka umferð um hann, sbr. 1. mgr. 55. gr. vegalaga. Sé ekki um einkaveg að ræða sé þó ljóst að stefndi hafi ekki gerst brotlegur við umrætt lagaákvæði, þar sem samkomulag hafi verið milli stefnda og réttargæslustefnda um lokun vegarins. Enn fremur hefur stefndi byggt á því að ef viðurkennt verði að slóðinn sé vegur fyrir vélknúin ökutæki verði að liggja ljóst fyrir hver sé veghaldari. Af hálfu réttargæslustefnda,

Húnabyggðar, hefur komið fram að litið sé svo á af hálfu sveitarfélagsins að það sé veghaldari.

95. Í málinu er ekki með beinum hætti til úrlausnar hvort vegurinn tilheyri tilteknum vegflokki samkvæmt vegalögum, og þá hverjum þeirra, eða hver sé veghaldari vegna hans, enda lýtur kröfugerð stefnenda ekki að því heldur að viðurkenningu umferðarréttar um veginn. Slík réttindi teljast til óbeinna eignarréttinda sem ekki er á færi sveitarfélagsins eða Vegagerðarinnar að stofna til eða afnema þótt viðkomandi stjórnvöld geti eftir atvikum og í skjóli valdheimilda sinna reist umferð um veginn skorður og með því takmarkað beitingu þeirra eignarráða sem í umferðarréttinum felast, sé hann á annað borð til staðar. Því skiptir ekki höfuðmáli við úrlausn málsins hvernig flokka beri veginn eða slóðann á grundvelli vegalaga eða hver sé veghaldari hans. Að sama skapi geta skilmálar í aðalskipulagi stefnda ekki ráðið úrslitum um tilvist eða inntak mögulegs umferðarréttar stefnenda. Hvað síðastnefnda atriðið varðar vísast til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar frá 12. desember 2016 í máli nr. 781/2016. Það sem fram hefur komið um aðkomu sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar að málefnum vegarins hefur þó sönnunargildi varðandi þau mögulegu réttindi stefnenda sem um er deilt.
96. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að landi Gilhaga var skipt út úr Haukagili fyrir miðja 19. öld. Þá liggja fyrir gögn frá árinu 1913 og síðar um að vegur hafi legið að Gilhaga um land Haukagils. Raunar verður ráðið af gögnum málsins að sá vegur hafi legið áfram allt suður í Borgarfjörð, sbr. fyrrgreinda örnefnaskrá sem þáverandi ábúendur á Haukagili rituðu árið 1988. Í skránni er þess getið að vegurinn sé orðinn fær bílum að sumri til, fram að Fremstaseli, sem bendir ótvírætt til þess að hann hafi á þeim tíma verið notaður fyrir vélknúin ökutæki á sumrin. Enn fremur liggja fyrir gögn allt frá árinu 1958 og fram á síðustu ár um vegagerð og umbætur á vegi um land Haukagils og Haukagilsheiði og að Gilhaga, sem sveitarfélög á svæðinu hafi staðið að og ráðstafað til styrkjum sem fengist hafa úr sjóðum ríkisins. Þessi gögn staðfesta ótvírætt að vegur hafi lengi legið þarna um og styðja jafnframt við þann málatilbúnað stefnenda að eigendur Gilhaga hafi notið umferðarréttar um veginn. Þá benda umrædd gögn ekki til annars en að vegurinn hafi verið ætlaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Í því sambandi ber einnig að líta til fyrrgreindrar meginreglu þess efnis að menn verði að hafa aðgang að fasteignum sínum til allra venjulegra nota eða a.m.k. þeirra nota sem þær eru ætlaðar fyrir. Það hvað teljist venjuleg not fasteignar hefur sumpart breyst í tímans rás, m.a. með aukinni vélvæðingu. Að mati dómsins leiðir í þessu tilviki af eðli máls að stefnendum þarf að

vera unnt að komast til og frá fasteign sinni, Gilhaga, um umræddan veg á vélknúnum ökutækjum. Tilvitnuð gögn, ásamt skýrslum aðila og vitna fyrir dómnum, styðja auk þess við ályktun um að skilyrðum hefðar á umferðarrétti sé fullnægt, sbr. 7. gr. laga nr. 46/1905, hvort sem líta beri í þessu tilviki á þann rétt sem sýnilegt ítak eða ósýnilegt ítak sem 40 ára notkun þarf til að vinna hefð á, sbr. 8. gr. sömu laga.

97. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að raunhæft sé að ætlast til þess að stefnendur noti aðra samgönguleið en veginn um Haukagil vegna venjulegrar notkunar á eignarlandi stefnenda í Gilhaga. Stefndi hefur í því sambandi bent á veg upp frá Grímstungu en stefnendur aftur á móti haldið því fram að mun örðugra sé um vik að komast þá leið til og frá Gilhaga. Stefndi hefur ekki fært viðhlítandi sönnur á að sú samgönguleið sé raunhæfur kostur fyrir stefnendur og verður í ljósi annarra atvika málsins að bera hallann af skorti á sönnun um þetta atriði. Þá skiptir ekki höfuðmáli þótt sá vegur sem eldri heimildir um veg um land Haukagils greina frá hafi mögulega ekki legið á sama stað og núverandi vegur, enda allt að einu um að ræða veg um land þeirrar jarðar.
98. Stefndi hefur byggt á því að í ljósi neyðarréttarsjónarmiða sé ekki hægt að fallast á kröfur stefnenda vegna hættu sem umferð um veginn skapi gagnvart vatnsbóli Haukagils. Í því sambandi vísar stefndi m.a. til fyrirbyggjandi úttektar á vatnsbólinu og gagna um hættu sem mengun vatns í því geti valdið heimilisfólki og búfénaði. Sem fyrr segir hefur við úrlausn um umferðarrétt í réttarframkvæmd m.a. verið litið til þess hvort sá réttur sé verulega íþyngjandi fyrir eiganda viðkomandi fasteignar. Hér vegast því að einhverju leyti á annars vegar hagsmunir stefnenda af því að hafa greiðan aðgang að fasteign sinni, Gilhaga, og hins vegar hagsmunir stefnda af því að vera laus við umferð á vegum stefnenda vegna verndunar vatnsbólísins. Eins og nánar er rakið í efnisgrein nr. 37 eru í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, dags. 14. júlí 2025, um úttekt á vatnsbólinu, nefndar fjórar leiðir til lausna vegna mengunar þess. Í *fyrsta lagi* að ganga þannig frá vatnsbólinu að yfirborðsvatn komist ekki að brunni, með því að grafa skurði, hlaða manir eða hækka lindarbrunninn. Í *öðru lagi* að setja meindýra- og fluguhelt yfirfallsrör á brunninn fyrir yfirfall og leiða það í „smá púkk“ fyrir neðan vatnsbólið. Í *þriðja lagi* að gera ráðstafanir þannig að jarðvegur renni ekki niður í vatnsbólið og í *fjórða lagi* að girða umhverfis lindina til að hindra beit búfjár og hættu á að E-kólígerlar komist í neysluvatnið. Aðstæður við vatnsbólið voru skoðaðar í vettvangsferð dómsins.
99. Að mati dómsins er fyllilega ljóst að stefndi á þess kost að grípa til ráðstafana til að verja vatnsbólið gegn rennsli frá veginum, á þann hátt sem lýst er í fyrrgreindri skýrslu

heilbrigðiseftirlitsins, burtséð frá því hvort áfram verði umferð á vélknúnum ökutækjum um veginn. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að hætta á olíuslysi við vatnsbólíð vegna umferðar á vegum stefnenda sé svo mikil að það atriði eigi að ráða úrslitum. Því verður ekki litið svo á að viðurkenning á umferðarrétti stefnenda sé vegna aðsteðjandi hættu að vatnsbólínu svo íþyngjandi fyrir stefnda að hafna beri kröfum stefnenda af þeirri ástæðu. Einnig er í því sambandi til þess að líta að öndverð niðurstaða væri óhóflega íþyngjandi fyrir stefnendur sem yrði með henni gert örðugt um vik að nýta fasteign sína sem skyldi. Í því sambandi vísast til hliðsjónar til dóms Landsréttar frá 5. júní 2025 í máli nr. 489/2023. Við notkun vegarins ber stefnendum þó að taka réttmætt tillit til hagsmuna stefnda, sbr. meginreglur nábylisréttar þar að lútandi.

100. Kröfugerð stefnenda er sett fram með þeim hætti að viðurkenndur verði fullur og óhindraður umferðarréttur stefnenda um umræddan veg, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum. Úrlausn um kröfuna lýtur að réttarsambandi aðila málsins en ekki annarra. Það að fallist sé á kröfu stefnenda eins og hún er fram sett, um fullan og óhindraðan umferðarrétt um veginn, felur því í sér niðurstöðu um að stefnda er ekki heimild að hindra umferð stefnenda um veginn. Sú niðurstaða girðir aftur á móti ekki fyrir að þar til bær stjórnvöld geti eftir atvikum takmarkað umferð um veginn á grundvelli reglna opinbers réttar, að uppfylltum skilyrðum laga um slíkar ráðstafanir, án þess þó að réttur stefnenda verði með því fyrir borð borinn. Þá felur niðurstaða dómsins ekki í sér afstöðu til þess hvort aðrir en stefnendur, og þá hverjir, njóti einnig umferðarréttar um veginn.
101. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á kröfu stefnenda um viðurkenningu á fullum og óhindruðum umferðarrétti þeirra, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum, um veginn sem um ræðir. Í ljósi þeirra málsúrslita og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti.
102. Ólafur Björnsson lögmaður flutti málið fyrir hönd stefnenda, Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður fyrir hönd stefnda og Ásgeir Þór Árnason lögmaður fyrir hönd réttargæslustefnda.
103. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Viðurkenndur er fullur og óhindraður umferðarréttur stefnanda, Hörpu Birgisdóttur, Birgis Þórs Haraldssonar og Jóns Gíslasonar, þ.m.t. á vélknúnum ökutækjum, um svokallaðan Haukagilsheiðarveg sem liggur um land jarðarinnar Haukagils, landnúmer 144673, Húnabyggð, og upp á Haukagilsheiði og að eyðijörðinni Gilhaga, landnúmer 144666, Húnabyggð.

Stefndi, Egill Herbertsson, skal greiða hverjum stefnanda um sig 800.000 krónur í málskostnað, þ.e. alls 2.400.000 krónur.

Þorsteinn Magnússon